

(B. XXIX, 1).

Nd.

65. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um veð, nr. 18, 4. nóv. 1887.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

5. gr. laga 4. nóv. 1887 orðist svo:

Þegar jörð er sett að veði, er rjett svo um að semja, að jörðinni skuli fylgja, auk jarðarhúsa, önnur tiltekin hús á jörðinni, ákveðin áhöfn, áhöld, búsgögn og heyforði, sem á henni kann að vera hverju sinni.

Greinargerð.

Samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. í lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, skulu innstæðukúgildi eigi fylgja jörðum, en af því leiðir, að 5. gr. laga um veð, 1887, er eigi rjett orðnð, og því full ástæða til að breyta henni, sjerstaklega þar sem veðgildi jarða er með fasteignamatslögumum rýrt eigi alllitið.

Með því meðferð á búpeningi batnar óðum og bjargráð gegn horfelli nú ólíku veigameiri en áður, virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að lánsstofnanir taki lrokkuð af áhöfn að veði með jörðum. En með því vinst það tvent, að grasbændur fá betri lánskjör og býlin njóta þess, að fóst áhöfn þeirra eykst.